

**Nd.**

### **31. Frumvarp til laga**

um virkjun Andakilsár í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Félaginu Andakilsárvirkjun skal heimilt að reisa og reka raforkuver við Andakilsá í Borgarfjarðarsýslu, til þess að vinna þar raforku til almenningsþarfa og leggja háspennutaugar til Akraness og Borgarness og þeirra staða annarra, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Andakilsá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar félagið hefur reist raforkuver við Andakilsá og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkuverið við Andakilsá selur raforku til nota í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og á Akranesi. Þá roforku, sem umfram kann að verða þörf notenda á þessu svæði á hverjum tíma, er raforkuverinu skylt að láta í té öðrum byggðarlögum til almenningsnota frá stöðvarvegg orkuversins eða spennistöðvum á háspennulinum félagsins við kostnaðarverði að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna í héruðunum, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkv. 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 6 milljón króna lán fyrir félagið Andakilsárvirkjun til rafvirkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulinur og afspennistöðvar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Um marga áratugi hafa íbúar Borgarfjarðarhéraðs haft virkjun Andakilsárfossa í hyggju. Fyrstu rannsóknir eru gerðar af Halldóri heitnum Guðmundssyni rafmagnsfræðingi, um 1907.

Á árunum 1920—1922 framkvæmir Steingrímur Jónsson ýtarlegar rannsóknir á virkjun fossanna og gerir kostnaðaráætlanir um 2400 hestafla orkuver, er hann áætlaar á 1780000 kr. Þeirri virkjun reyndist ekki hægt að koma í framkvæmd vegna fjárhagserfiðleika, er þá voru miklir á þeim árum. Rannsóknir þessar voru birtar í timarit V. F. Í. 1923.

Þótt virkjun kæmist þá eigi í framkvæmd, var mönnum ljós nauðsyn hennar, og náðu þá sýslurnar kaupum á vatnsréttindum fossanna árið 1930, en þau vatnsréttindi voru þá komin í eigu útlendinga.

Á kreppuárunum eftir 1930 var ókleift talið að ráðast í virkjun, en sterkur áhugi var ávallt ríkjandi fyrir því að hrinda þessu verki í frankvæmd strax og úr rættist.

Málið liggur því niðri fram að 1937. Þá gera báðar sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu samþykktir um, að kostnaðaráætlanir verði gerðar að nýju um virkjun. Drógust þær rannsóknir þó enn um nær tvö ár, þar til 1939, að Árni Pálsson verkfræðingur gerir ýtarlegar áætlanir um virkjun, og er þeim lokið í ágústmánuði það ár. Er það greinargerð fyrir orkuþörf héraðanna og hentast talið að byggja fyrst um sinn háspennulinur til Akraness, Borgarness og Hvanneyrar, þar eð aðrar línur bera sig ekki að svo stöddu.

Á veitusvæði þessu búa um 2800 manns. Orkuþörf þeirra er talin 13000000 kwst. með þeim atvinnurekstri, sem nú er. Iðnaður er tiltölulega mikill, þegar miðað er við íbúatölu. Aðallega er það, auk vélarekstrar við járn- og trésmiðar, frysting kjöts, fiskjar, sildar- og fiskimjölsvinnsla og niðursuða mjólkur. Mjög þykir nú æskilegt að koma á auknum iðnaði, og þarf þá mun meiri orku en að framan getur.

Til að framleiða 13000000 kwst. er talið, að þurfi 5000 hestöfl. Það er auk þessa markmið með virkjuninni að sjá sem flestum héraðsbúum fyrir orku, og mun þá þurfa 6000—7000 hestöfl, þegar orkan nær til allra héraða Mýra- og Borgarfjarðarsýslu auk Akraness. Í því sambandi skal þess getið, að við fulla virkjun Andakilsár-fossa fást 12000 hestöfl. Er af þessu ljóst, að þarna er afgangi mikið afl, sem vafalaust væri hagkvæmt að hagnýta til rafmagnsframleiðslu fyrir nærliggjandi héruð.

Af fjárhagsástæðum og vegna þeirrar dýrtíðar, sem nú ríkir, þykir þó ekki kleift að ráðast í 6000—7000 hestafla virkjun. Tiltækilegast þykir að hefja virkjun með 2400 hestöflum og fullnægja með þeim brúnustu þörfum atvinnuveganna, með hliðsjón af því, að sú virkjun geti borið sig fjárhagslega, en auka síðan virkjun eftir því, sem efni og ástæður leyfa, þar til náð er því marki að fullnægja öllum þörfum héraðsbúa. Fyrirhuguð fjárframlög af hálfu ríkisins til slíkra framkvæmda ættu að greiða götu þess í framtíðinni.

Kostnaður þessarar virkjunar er 1939 áætlaður 1673000 kr. og orkuverið talið kosta 960000 kr., en háspennukerfi, bæjarkerfi og kostnaður við sveitaveitur 716000 kr. Áætlunin um orkuverið er gerð af Árna Pálssyni verkfræðingi, en um háspennu- og bæjarkerfi af rafmagnseftirliti ríkisins. Rannsóknir leiddu í ljós, að hér er um mjög hagstæða virkjun að ræða, þegar borið er saman við aðrar virkjanir hér á landi. Á það rót sína að rekja til ágættra virkjunarskilyrða, er koma fram í mikilli fallhæð, — 51 m. á 570 metrum, samfara litilli stíflugerð og ágætum miðlunarskilyrðum í Skorradalsvatni.

Tekjur virkjunar voru áætlaðar 254000 kr. Áætlanir voru gerðar með hliðsjón af virkjun Laxár, en þeirri virkjun var þá um það bil að verða lokið. Árni Pálsson gerði á sínum tíma allar áætlanir um Laxárvirkjunina, og reyndust þær mjög ábyggilegar. Felur sú reynsla í sér mikið öryggi um raunhæfni þeirra áætlana, sem hér um ræðir, sem einnig eru framkvæmdar af honum.

Jafnframt því sem þetta var gert voru athugaðir möguleikar á að leiða raforku frá Soginu til Akraness og Borgarness. Hafði rafmagnseftirlit ríkisins áætlað í ágúst 1939 háspennulinu til Akraness og Borgarness á 1150000 kr. með sveitaveitum til sömu staða og Andakilsárvirkjun. Með 254000 kr. árstekjum hefðu þá orðið afgangi 89000 kr. til orkukaupa.

Hér er um að ræða kaup á 8000000 kwst. eða 2400 hestöflum, en það er um  $\frac{1}{5}$  af framleiðslu og hestaflatölu Sogsvirkjunar. Það er langt frá því, að 89000 kr. séu nægar til slíkra orkukaupa og alveg óvíst, að Borgfirðingar eigi þess kost að kaupa afköst 2400 hestafla eða 6000—7000 hestafla síðar meir.

Þar eð sýnt þykir, að háspennulína frá Soginu geti ekki borið sig og héraðsbúar geta ekki ætlað öðrum að sjá þeim fyrir 6000—7000 hestöflum og virkjunarskilyrði eru hin allra ákjósanlegustu, hafa Borgfirðingar ákveðið að hefja þá virkjun Andakilsár, sem um áratugi hefur farizt fyrir vegna fjárskorts, enda er það einasta leiðin

til að útvega héraðsbúum ódýra, næga og tryggja orku, og þeir óska að hafa í sínum höndum framleiðslu til sinna eigin þarfa.

Eftir að heimsstyrjöldin skall á, hefur tilboða verið leitað í vélar og annað efni til virkjunar. Bárust þau tilboð hingað í sumar og voru lögð til grundvallar við endurskoðun áætlana.

Samkvæmt síðustu áætlunum, sem gerðar eru í nóvember, nemur virkjunarkostnaður 5188000 kr., án bæjarkerfa. Heildartekjur af allri raforkusölu eru áætlaðar 680000 kr. og rekstri vel borgið með þeim tekjum.

Vegna þeirra breytinga, sem verðlag nú er undir orpið, þarf öryggis vegna ábyrgð fyrir nokkru hærri upphæð en áætlun nú gerir ráð fyrir.

Virkjun verður ekki komið á án ríkisábyrgðar. Er því farið fram á, að ríkissjóður greiði virkjuninni götu með því að veita ábyrgð. Er það sama fyrirgreiðsla sem öðrum oft hefur verið veitt, eins og t. d. við Sogsvirkjun, Laxárvirkjun o. fl., og þótt sjálfsögð og enda óhjákvæmileg.

Tilboða í vélar var leitað í nóvember 1941. Tilboðin eru gerð eftir mitt sumar, en bárust hingað um mánaðamótin sept.—okt. Þarf nú að vinda bráðan bug að því að taka afstöðu til þeirra.

Það hefði vel verið hægt að biðja um ábyrgð hjá einhverju hinna síðustu þinga, svo ábyrgðarheimildin væri fyrir hendi, er til hennar þarf að gripa, en við allan undirbúning þessa máls hefur verið lögð rik áherzla á að hafa tilboð í allar vélar og efni og miða áætlanir við þau tilboð. Því er það, að fyrst nú er farið fram á ábyrgð, er tilboðin eru fyrir hendi.